

STJÓRNARTÍÐINDI B 61 – 1991

Nr. 532

1032

5. nóvember 1991

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð hjartasjúklinga.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður hjartasjúklinga. Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 2 000 000,00 -tvær milljónir króna- en það er framlag frá einstaklingum og fyrirtækjum vegna kaupa á minningarkortum á vegum Landssamtaka hjartasjúklinga. Stefnt verður að því að stofnfé fimmfaldist á nokkrum árum. Þann stofn má aldrei skerða.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnalitra hjartasjúklinga á margvíslegan hátt svo sem:

1. Aðstoða hjartasjúklinga með fjárframlagi fljótlega eftir að þeir veikjast.
2. Styrkja hjartasjúklinga, sem fara í kostnaðarsamar aðgerðir erlendis.
3. Taka þátt í greiðslu og kostnaði við endurhæfingar hjartasjúklinga.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Framlög vegna sölu minningarkorta.
2. Verðbætur og vextir.
3. Framlög til sjóðsins og annað fé, sem sjóðnum hlotnast.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn og einn til vara. Skal hún kosin á aðalfundi Landssamtaka hjartasjúklinga til tveggja ára í senn.

Stjórnin ber ábyrgð á eignum sjóðsins. Hún tekur á móti umsóknum um styrki úr sjóðnum og tekur ákvörðun um styrkveitingar.

Halda skal gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana ákvarðanir stjórnar.

6. gr.

Stjórnin skal á hverjum tíma ávaxta fé sjóðsins með bestu fánlegum kjörum á tryggilegan hátt. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu löggiltir endurskoðendur Landssamtaka hjartasjúklinga endurskoða ársreikninga sjóðsins. Skulu þeir lagðir fram árlega fyrir stjórn Landssamtaka hjartasjúklinga.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður úthlutun úr sjóðnum. Ekki má úthluta úr sjóðnum meiru en sem svarar hálfum árlegum framlögum og hálfum hluta vaxta uns sjóðurinn er orðinn kr. 10 000 000.00 -tíu milljónir króna-.

8. gr.

Heimilt er að leggja sjóðinn niður að tillögu meirihluta stjórnar sjóðsins, ef sú tillaga hlýtur samþykki 2/3 hluta atkvæða á aðalfundi Landssamtaka hjartasjúklinga.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til Landssamtaka hjartasjúklinga.

9. gr.

Skipulagsskrá þessari má því aðeins breyta að tillaga um það komi frá meirihluta stjórnar sjóðsins og að tillagan verði samþykkt með 2/3 hluta atkvæða á aðalfundi Landssamtaka hjartasjúklinga.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytisins á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestis hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 5. nóvember 1991.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson

Fanney Óskarsdóttir.

S A M Þ Y K K T**um afgreiðslutíma verslana í Kópavogi.**

1. gr.

Samþykktin tekur til hvers konar smásöluverslana í Kópavogi.

Undanþegnar ákvæðum samþykktarinnar eru þó lyfjabúðir, bifreiðastöðvar og bensínafgreiðslur.

Ef ágreiningur rís um skilning á ákvæðum samþykktar þessarar, úrskurðar bæjarstjórn þar um, að fenginni umsögn lögreglustjóra, en skjóta má þeim úrskurði til ráðherra.

2. gr.

Afgreiðslutími smásöluverslana í Kópavogi skal vera frjáls, sbr. þó 3. og 4. gr.

3. gr.

Óheimilt er að hafa sölustaði opna á tímabilinu kl. 23.30–07.00 nema með sérstöku leyfi bæjarráðs að fenginni umsögn lögreglustjóra, enda sé um að ræða söluturna eða sambærilega starfsemi.

4. gr.

Heimilt er að hafa sölustaði opna á helgidögum, enda brjóti afgreiðslutími að öðru leyti ekki í bága við lög, með þeim undantekningum, sem hér greinir: Föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag og jóladag skal öllum sölustöðum lokað allan daginn.

Aðfangadag jóla og gamlársdag skal öllum sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 16.00.

5. gr.

Í sérhverri verslun skal auglýstur fastur afgreiðslutími hennar.